



Alþingi

Fjárlaganefnd

Reykjavík 21. október 2024.

Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ) gerir eftirfarandi athugasemdir vegna Fjárlagafrumvarps er snýr að afreksstarfi í íþróttum á Íslandi.

Vísað er til umsagnar ÍSÍ um afreksstarf almennt, umræðu um bætt afreksstarf og þær tillögur sem fyrir liggja í þeim efnum.

Afreksstarf HSÍ skiptist í tvo hluta, annars vegar afreksstarf í A landsliðum karla og kvenna og þátttaka yngri landsliða í lokakeppnum. Til að gefa mynd af því umhverfi sem við störfum í þá er rétt að tilgreina þann raunkostnað sem við þurfum að bera í okkar afreksstarfi.

Um kostnað yngri landsliða.

Kostnaður vegna yngri landsliða skiptist á milli HSÍ og leikmanna sjálfra og fjölskyldna þeirra.

Kostnaður vegna U-18 ára landsliðskarla sem tóku þátt í lokamóti EM var 400.000 kr. á mann. Kostnaður HSÍ vegna mótagjalda, þjálfara og annars kostnaðar var 4,5 milljónir.

Sama má segja um önnur lið en kostnaður vegna þátttöku á HM hjá u19 og u17 ára landsliðum kvenna var 600.000 kr. á mann og var kostnaður HSÍ um 5 milljónir á lið. Þá var kostnaður vegna þátttöku á EM 350.000 per mann og kostnaður HSÍ um 5 milljónir.

Það hefur verið markmið HSÍ að reyna að lækka þennan kostnað hjá leikmönnum en þrátt fyrir það leggst stærsti hluti á leikmennina sjálfa, sem mæta þeim kostnaði með fjáröflunum og beinu framlagi foreldra.

Að mati HSÍ þá er það okkur vart sæmandi sem þjóð að börn séu látin bera svo stóran kostnað af þátttöku í mótum þar sem þau koma fram fyrir hönd lands og þjóðar.

Þátttaka afrekssjóðs ÍSÍ í framangreindum kostnaði er um 5 milljónir í heildina af öllum yngri landsliðum.

Um kostnað við rekstur A- landsliða

Eins og alþingismenn vita þá hefur karlalandslið verið þátttakandi í stórmótum á hverju ári undanfarna áratugi og óhætt að segja að þjóðin hafi fylgst með og stutt vel við liðinu. Þátttaka og undirbúningur í hverju stórmóti kostar um 40 milljónir kr. en heildarkostnaður við að reka A-landsliðið karla er um 140. milljónir króna á ári.

Kvenna landslið okkar hefur verið að bæta sinn árangur og tók þátt í stórmóti í fyrra sem kostnaði 35 milljónir kr. og tekur núna í desember 2024 aftur þátt í stórmóti með svipuðum kostnaði. Þátttaka afrekssjóðs var 4 milljónir króna í því verkefni. Heildarkostnaður við rekstur kvennalandsliðsins er um 80 milljónir króna á ári.

Afrekssjóður fyrir allt afreksstarf á landinu er um 380 milljónir króna sem skiptist á milli sérsambanda. Þarfir sérsambanda eru misjafnar allt frá einstaklings styrkjum í þátttöku vegna kostnaðar. Hjá okkur snýst þetta allt um að greiða niður kostnað. Enginn leikmaður fær greitt fyrir að spila með landsliðinu og hefur það aldrei komið til tals.

Við greiðslu úr afrekssjóði á árinu 2023, fékk HSÍ úthlutað 84 milljónum króna til afreksstarfs en heildar kostnaður var ef yngri landslið eru talin með er um 322 milljónir fyrir utan launakostnað.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands





Fjármunir afrekssjóðs hafa verið óbreyttir í 2-3 ár en til samanburðar þá hefur bara kostnaður vegna flugferða hækkað um 13 milljónir á þessu ári í rekstri HSÍ. Augljóst er að framlög til Afrekssjóðs standa ekki undir því nafni að vera afrekssjóður. Í okkar baráttu erum við einungis að berjast við kostnað af þátttöku í mótum og hefur annað starf s.s. fræðsla og eftirfylgni við afreksfólk okkar setið á hakanum.

Íþróttahreyfingin eru stærstu félagasamtök á landinu og er að stærstum hluta til rekin í sjálfboðaliðsstarfi. Það er því mjög mikilvægt að framlög til afrekssjóðs verði metin í því ljósi. Það má segja að 380 milljónir séu vissulega miklir peningar en ekki í samanburði við stærð hreyfingarinnar og margvíslegrar þátttöku í alþjóðastarfi. .

Við skorum á þingmenn að taka höndum saman og styðja við íþróttahreyfinguna á borði því oftast en ekki er það meira gert í orði.

Virðingarfyllst.

f.h. HSI

Guðmundur B. Ólafsson formaður

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

